

19. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 17. mars í þjónustumiðstöð UMFÍ, Engjavegi 6

Mætt eru: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Þór Gestsson (GPÖ), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur G. Sigurbergsson (GGS), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gissur Jónsson (GJ) á fjarfundi, Hallbera Eiríksdóttir (HE), Guðmunda Ólafsdóttir (GÓ), Lárus B. Lárusson (LBL) Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ, Einar Þ. Eyjólfsson (EPE) fjármálastjóri UMFÍ og Halla Margrét Jónsdóttir (HMJ) fulltrúi ungmennaráðs.

Forföll: Gunnar Gunnarsson (GG) og Málfríður Sigurhansdóttir (MS).

Formaður setti fund kl. 16:08

Um er að ræða fyrsta fund stjórnar í nýrri þjónustumiðstöð að Engjavegi 6, því hófst dagskráin á því að stjórn fékk stutta leiðsögn um þjónustumiðstöðina.

1. Kynning frá starfsfólki

- Starfsfólk UMFÍ sagði frá störfum sínum hjá UMFÍ og starfinu fram undan í samræmi við uppfært skipurit UMFÍ.
- Ragnheiður Sigurðardóttir, Guðbirna Kristín Þórðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Sigurður Guðmundsson og Ómar Bragi Stefánsson sátu fundinn undir þessum lið.

Hlé þar sem stjórn og starfsfólk skrifstofu UMFÍ borðaði kvöldverð með stjórn NordUng.

2. Upplýsingagjöf

- Minnisblað um starfið frá síðasta stjórnarfundum lagt fram til kynningar.
- Farið yfir tímalínur verkefna sem eru fram undan.

3. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- 14. fundargerð nefndar um Ungmennabúðir
- 9. fundargerð sjóða- og fræðslunefndar
- 23. fundur framkvæmdastjórnar
- 24. fundur framkvæmdastjórnar
- 25. fundur framkvæmdastjórnar
- 14. fundargerð Ungmennaráðs
- 4. fundargerð vinnuhóps um íþróttahéruð
- 5. fundargerð vinnuhóps um íþróttahéruð
- 8. fundargerð Móta- og viðburðanefndar

4. Erindi frá nefndum

Frá ungmennaráði, minnisblað um skipunartíma ráðsins og aldursbil ráðsins.

- Stjórn sér ekkert því til fyrirstöðu að taka inn nýtt fólk í ungmennaráð hvenær kjörtímabilsins sem er, líkt og í öðrum nefndum á vegum UMFÍ.

Frá móta- og viðburðanefnd varðandi Landsmót UMFÍ 50+

- Stjórn samþykkir tillögu móta- og viðburðanefndar um að Landsmót UMFÍ 50+ verði haldið í Vogum 2024 með Ungmennafélaginu Þrótti (UMFÞ) sem mótshaldara.

HMJ vék af fundi kl. 19:55

5. Staða nefndarstarfs og verkefni stjórnar

Farið yfir stöðu verkefna.

6. Aðalfundur Íslenskrar getspár og fulltrúi í stjórn

Stjórn UMFÍ tilnefnir JSI sem aðalman og RH sem varamann. Framkvæmdastjóra falið að tryggja mætingu á aðalfundinn.

7. Fjármál

- Drög að ársreikningi ársins 2022 lögð fram til kynningar.
- Uppgjör fyrstu tveggja mánaða ársins 2023 lagt fram til kynningar.

LBL vék af fundi kl. 20:10

8. LUF

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu varðandi LUF. Stjórn samþykkir tillöguna.

9. Heiðranir og viðurkenningar

Samþykkt að veita gullmerki og starfsmerki.

10. Ungmennabúðir Laugarvatn

Fjármálastjóri kynnti ítarlegar sviðsmyndir varðandi framtíð Ungmennabúða á Laugarvatni.

Um miðjan febrúar 2023 var starfsemi Ungmennabúða UMFÍ á Laugarvatni lokað tímabundið vegna myglu og rakaskemmda. Í kjölfarið upplýsti Bláskógabyggð, sem eigandi húsnæðisins, að sveitarfélagið hygðist ekki fara í þær framkvæmdir á húsnæði búðanna sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að halda starfseminni gangandi. Þess í stað opnaði sveitarfélagið fyrir þann möguleika að UMFÍ myndi kaupa húsnæði ungmennabúðanna af sveitarfélaginu og halda starfseminni áfram.

UMFÍ hefur skoðað og metið framkvæmda- og kostnaðaráætlanir í tengslum við nauðsynlegar framkvæmdir og rekstrarfyrirkomulag búðanna til framtíðar. Þá var einnig kannað hvort unnt væri að fá frekari stuðning við rekstur Ungmennabúðanna til að standa undir þeim kostnaði sem fyrirliggjandi er. Það er mat stjórnenda og stjórnar UMFÍ að áætlaður kostnaður við kaup og nauðsynlegar framkvæmdir á húsnæði Ungmennabúðanna sé af þeirri stærðargráðu að ekki sé skynsamlegt fyrir UMFÍ að takast eitt á hendur slíkar skuldbindingar miðað við fyrirliggjandi upplýsingar og mögulegar rekstrarforsendur.

Stjórn UMFÍ þykir afar miður að þurfa að taka þá ákvörðun að kaupa ekki húsnæðið og þar með tilneydd til að ljúka starfsemi Ungmennabúðanna á Laugarvatni. Framkvæmdastjóra UMFÍ er falið að upplýsa sveitarfélagið um ákvörðun stjórnar og tilkynna starfsfólki um stöðu mála, ljúka samningum tengdum rekstrinum og klára öll önnur mál er tengjast lokun á starfsemi Ungmennabúðanna.

Öllum þeim sem komið hafa að starfi Ungmennabúðanna í gegnum tíðina viljum við þakka innilega fyrir ómetanlegt framlag og vonum að þær minningar sem starfsemi búðanna skilur eftir verði þátttakendum gott veganesti til framtíðar.

11. Siðareglur

Lagðar fram tillögur að breytingum á siðareglum UMFÍ, til samræmis við uppfærðar siðareglur Æskulýðsvettvangsins. Framkvæmdastjóra falið að koma á framfæri ábendingum stjórnar UMFÍ.

12. Önnur mál

- Ákveðið að halda Vorfund UMFÍ 12.-13. maí, en ekki 14.-15. apríl eins og til stóð.
- Stjórn felur formanni og formanni framkvæmdastjórnar að ganga frá orlofsmálum við stjórnendur.

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt í lok fundar.

Fundi slitið kl. 22:04

SÓJ ritaði fundargerð